



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Mikilvægi gagnreyndra aðferðar í félagsmiðstöðvastarfi

Þórhildur Rafns Jónsdóttir – Krístrún Lilja Daðadóttir
Kringlumýri – Miðberg
Vor - hausts 2019



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	3
3. Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	4
4. Mat á verkefninu	4
5. Greinargerð um notkun styrkjár	4
6. Kynning	5
Heimildir	5
Fylgiskjöl	5

1. Inngangur

Markmið verkefnisins er að efla sjálfsmynd, auka félagsfærni og stuðla að heilbrigði. Unnið er með félagslega einangraða einstaklinga í sértækum hópum í sumarstarfi aðallega, í samráði við grunnskóla, félagsmiðstöðvar, þjónustumiðstöðvar og foreldra.

Ávinningur verkefnisins er að þátttakendur hópastarfsins vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi.

Mikilvægi sértæks hópastarfs hefur verið rýnt á ýmsan máta. Sumarið 2018 fóru frístundamiðstöðvarnar Kringlumýri og Miðberg í samstarf við Ársæl M. Arnarsson prófessor hjá Háskóla Íslands til þess að mæla hópastarf félagsmiðstöðva. Niðurstöður voru jákvæðar fyrir okkar starf og mældist marktækur munur á líðan þátttakenda eftir hópastarfið. Mikill áhugi er fyrir því að fá fleiri niðurstöður og enn ítarlegri hópa rýningu, það er bæði á sértæku hópana sem og samanburðahópa.

Líðan ungmenna hefur verið áberandi sl. ár og umræður eiga sér stað meðal stjórnenda frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva ásamt þjónustumiðstöðvum og skólum. Deildarstjórar unglíngastarfs frístundamiðstöðvanna Kringlumýrar og Miðbergs, forstöðumenn félagmiðstöðva, þjónustumiðstöðvar ásamt Ársæli frá Háskóla Íslands áttu samtalið veturinn 2017/2018 sem leiddi af sér þetta samstarf. Mikilvægt er að rýna starf félagsmiðstöðva til að geta sýnt fram á nauðsyn starfsins og var á líðan þátttakenda eftir að hópastarfi lauk.

Samkvæmt rannsóknum á heilsu og líf skjörum grunnskólanema er augljóst að líðan unglínga er verri núna en hún hefur nokkurn tímann verið áður. Í rannsókninni kemur fram að hátt í 40% unglínga í 10. bekk finna fyrir depurð vikulega eða oft, 38% segjast stríða við svefnörðugleika og um 17% þeirra segjast vera oft eða mjög oft einmana. Yfir 30% nemenda í sjötta og áttunda bekk sögðust finna fyrir depurð vikulega eða oft ([niðurstöður Heilsa og líf skjör skólanema HBSC Ársæll Már Arnarsson Prófessor HÍ](#))

Starfsfólk félagsmiðstöðva hafa einnig fundið fyrir aukinni vanlíðan barna og unglínga og hafa verið að þróa hópastarf þar sem sérstaklega er verið að vinna með sjálfsmynd og félagsfærni til að vinna gegn vanlíðan og depurð.

Þetta verkefni er ætlað að þróa enn frekar með eigindlegri rannsókn hvernig hægt er að bæta líðan barna og unglínga með sértæku hópastarfi.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Unglingarnir skráðu sig í Vinnuskóla Reykjavíkur og unnu samtals 105 tíma yfir sumarið. Þeir mættu í félagsmiðstöðina sína og unnu almenn vinnuskólastörf ásamt því að unnið var með þeim í sjálfstyrkingu og félagslegri tengingu milli einstaklinga í hópnum í öruggu umhverfi undir stjórn félagsmiðstöðvastarfsmanna. Nafnlaus könnun var lögð fyrir þau fjórum sinnum, í lok skólaárs, á fyrsta degi hópastarfs, strax eftir að hópastarfi lauk ásamt því að lögð var fyrir könnun í byrjun næsta skólaárs. Könnunin var númeruð svo hægt væro að para saman niðurstöður og sjá fram- eða afturför einstaklinga. Sótt var um leyfi hjá persónuvernd og var umsókn samþykkt því ekki var hægt að rekja niðurstöður. Deildarstjórar unglingsstarf hjá frístundamiðstöðinni Kringlumýri og Miðbergi sáu um fyrirlögnina og unnu að öllum undirbúningi fyrir hana ásamt frágangi og flokkun á grunngögnum kannaninnar. Niðurstöður fóru svo í hendur Ársæls Arnarssonar hjá Háskóla Íslands sem vann úr niðurstöðum og útbjó skýrslu og kynningu.

Kortlagning unglunga í 8. og 9.bekk hófst í febrúar. Hóparnir valdir í samvinnu við námsráðgjafa, þjónustumiðstöðvar og starfsmenn félagsmiðstöðva í mars og apríl.

Haft var samráð við foreldra um ábyrgð og skuldbindingu við þátttöku í starfinu í maí. Starfsmenn nýttu fyrstu vikuna í júní til að klára undirbúning á hópastarfinu. Unnið var samhliða öðrum félagsmiðstöðvarverkefnum frá byrjun mars.

Þátttakendur mættu til vinnu um miðjan júní og unnu 105 klst. dreift á 3-4 vikur.

Unnið var með hópapróunarkenningar ásamt því að unnið var markvisst að eflingu sjálfsmyndar og sjálfsstyrkingu ásamt liðsheild og vináttu.

Starfsmenn ígrunduðu á hverjum degi á meðan verkefninu stóð. Skýrsluskrif og ígrundun ásamt frágangi eftir að starfi þátttakenda lauk og var því skilað til deildarstjóra.

Forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva hjá Kringlumýri og Miðbergi sáu um að leiða verkefnið og vinna á gólfinu með unglungunum.

Handleiðsla starfsmanna í var höndum deildarstjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvarinnar. Fjármálastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri sá um bókhaldsumsjón að mestu leyti. Áætlunin var að einungis nýta styrkinn í fyrir rannsakanda frá Háskóla Íslands, en mikið af undirbúnings og úrvinnslu vinna var alfarið í höndum á deildarstjórum og því lækkaði reikningurinn frá HÍ til muna.

Utanaðkomandi fræðsla fyrir bæði unglingahópana sem og starfsmenn var greidd með styrknum ásamt launakostnaði fyrir deildarstjóra og forstöðumenn.

2. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Ársæll Már Arnarsson prófessor við Háskóla Íslands stýrði eiginlegri rannsókn á niðurstöðum hópastarfsins þar sem skoðað var hvort hópastarfið styrki sjálfsmynd unglingana, hvort félagsleg færni unglingana taki framförum, hvort samhygð hafi aukist og síðast en ekki síst hvort líðan unglingana hafi tekið breytingum eftir hópastarfið.

Hópstjórar skráðu það sem fór fram og öfluðu gagna um það sem hópurinn var að gera og voru þal. með efni í höndunum til að greina, ígrunda læra af reynslunni og kynna fyrir öðrum.

Fyrirlögn þátttakenda var fjórum sinnum þ.e. í lok skólaárs 2018/2019 í maí 2019, við upphaf hópastarfs, við lok hópastarfs og við upphaf skólaárs 2019/2020 í september 2019 í umsjá Deildarstjóra

Samanburðarhópur fékk fyrirlögn tvisvar sinnum þ.e. í lok skólaárs 2018/2019 og við upphaf skólaárs 2019/2020.

Aðrar frístundamiðstöðvar hafa nýtt sér spurningalista okkar í sínu sértæka hópastarfi.

Helsti ávinningur fyrir þátttakendur hefur verið að andleg líðan var betri, félagsleg færni jókst og til vinskapar skapaðist í hópunum.

4. *Mat á verkefninu*

Matið á verkefninu fólst aðallega í spurningalistunum og þeim niðurstöðum sem eftir sitja. Óformlega var verkefnið metið jafnóðum af stjórnendum með daglegri ígrundum og almennum samræðum við hópana. Markmið verkefnisins voru uppfyllt og erum við ánægð með niðurstöður úr könnunum sem er mjög grófum dráttum eru þær að sértækt hópastarf er mikilvægt, líðan unglinga verður betri og einnig að eftirfylgni með hópastarfi er einn af lykilþáttunum.

5. *Greinargerð um notkun styrkjár*

Búið var að gera ráð fyrir mun hærri kostnaði frá Ársæli – en vegna forvinnu sem deildarstjórar unnu var reikningurinn frá honum töluvert lægri en áætlað var eða

180.000 kr. Fengin var fræðsla fyrir unglingana frá "Karlmenntan" fyrir 50.000 kr. Yfirvinna deildarstjóra - vegna forvinnu og undirbúnings fyrir könnun ásamt flokkun og frágangi 142.000 kr. Annar kostnaður - blöð, umslög, pizzur/matur handa unglingunum í haust fyrirlögn = 128.000 kr.

Dr. Ársæll Arnasson	180.000
Karlmenntan	50.000
Yfirvinna	142.000
Annar kostnaður	128.000
Samtals	500.000

6. *Kynning*

Haldin var kynning fyrir FFF sem var streymt í lok apríl á Facebook síðu félagsins.

<https://www.facebook.com/fagfelag/videos/578985166332106/>

Einnig verður verkefnið kynnt á Höfuð í bleyti í September.

Búið er að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum verkefnisins.

Skýrsla meðfylgjandi unnin úr niðurstöðum af Ársæli Arnarssyni.

Heimildir

Heimildir frá niðurstöðum úr rannsókninni Heilsa og líðan skólabarna. Sjá tengil https://www.researchgate.net/publication/336140811_Lidan_i_skola_og_namsarangur_Nidurstodur_ur_rannsokninni_Heilsa_og_lidan_skolabarna_HBSC

Fylgiskjöl

Kynning frá Ársæli unnin úr niðurstöðum af Ársæli.

Kynning frá Þórhildi og Krístrúnu unnið úr niðurstöðum Ársæls og úr skýrslum verkefnisins ásamt verkefni sumarsins 2018.